THG ARKITEKTAR

Reykjavík, 5.7.2018

**Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulagsins Skeifan - Fenin , vegna lóðarinnar Faxafen 5, sem samþykkt var í borgarráði 6. nóvember 2001 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 10. des. 2001, með síðari breytingum.**

Höfundur deiliskipulagsins er Vinnustofan Þverá




Faxafeni 9 | 108 Reykjavík | Sími 545 1600 | Fax 545 1616 | www@thg.is | thg@thg.is

THG ARKITEKTAR

Lóðin er á miðsvæði M3a samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og hún er hluti af deiliskipulagi "Skeifan" sem samþykkt var í borgarráði 6.11.2001 með síðari breytingum. Um M3.Skeifan-Sogamýri (M3a, M3b) segir í aðalskipulagi:

"Miðsvæði (M3a,b). Einkum gert ráð fyrir verslun og þjónustu, skrifstofum, stofnunum og íbúðum. Léttur iðnaður er heimill, en iðnaðarstarfsemi skal almennt vera víkjandi."

Breytingin felst í því að eftirfarandi texta er bætt við skilmála deiliskipulagsins:

**„Heimilt er að gera smávægilegar breytingar á byggingum á lóðinni Faxafen 5, s.s. að gera svalir og aðlaga útlit og innra fyrirkomulag að nýrri starfsemi, svo fremi sem hún samræmist ákvæðum gildandi deiliskipulags um starfsemi á lóðinni. Svalir, kvistir og önnur uppbygging í þaki skal taka mið af formi/hönnun hússins. Svalir mega einungis fara út fyrir byggingarreit sem nemur 600 mm, að því gefnu að þær skerði ekki aðgengi gangandi fyrir neðan.“**

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar, samþykktir í borgarráði 6. nóvember 2001.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt.

í/á embættisf. skipulagsfulltrúa

þann 21. sept. 2018

Tillagan var grenndarkynnt frá 12. sept. 2018 með athugasemdafresti til

10. okt. 2018.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann

19. okt 2018

Björn Axelsson

Skipulagsstofnun
Mótt.: 22. nóv. 2018
Málnr.

Faxafeni 9 | 108 Reykjavík | Sími 545 1600 | Fax 545 1616 | www@thg.is | thg@thg.is